



HRUNAMANNAREPPUR

30. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILÍÐ 2018 – 2022 11. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 3. SEPTEMBER 2020

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2020, þann 3. september kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í ráðhúsinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. Yfirlit yfir rekstur sveitarfélagsins fyrstu 8 mánuði ársins.**

Sveitarstjóri fór yfir rekstur sveitarfélagsins fyrstu 8 mánuði ársins. Rekstur sveitarfélagsins er að mestu á áætlun en ljóst er að álag er á einstaka liði sérstaklega vegna áhrifa Covid-19 og kjarasamninga sem kalla á viðauka.
- 2. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2020.**

Oddviti kynnti þriðja viðauka við fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2020. Gert er ráð fyrir að tekjur hækki um kr. 21.800.000 og útgjöld um kr. 1.300.000. Einnig er um að ræða færslu milli fjárfestingarverkefna, fjárfestingar verði auknar í fráveitu og ráðhúsi en dregið úr fjárfestingum vegna íþróttahúss og íþróttasvæðis og að heildarfjárfesting lækki um kr. 16.000.000. Þá er gert ráð fyrir söluhagnaði vegna sölu á fasteign og uppgreiðslu láns því tengdu. Skv. þessu er gert ráð fyrir að rekstrarhagnaður sveitarfélagsins verði eftir þessar breytingar kr. 37.589.000 í stað 11.422.000. Sveitarstjórn samþykkir þriðja viðauka við fjárhagsáætlun 2020.
- 3. Grímsnes- og Grafningshreppir: Viðræður um sameiginlegt útboð á sorphirðu í Uppsveitum.**

Oddviti kynnti að nýju erindi frá Grímsnes- og Grafningshreppi um að fara í sameiginlegt útboð á sorphirðu í sveitarfélögunum en málinu var vísað til umhverfisnefndar á síðasta fundi sveitarstjórnar. Umhverfisnefnd tók jákvætt í erindið og lagði til að sveitarfélagið tæki þátt í undirbúningi með þeim fyrirvara að þá verði að taka upp sama flokkunarkerfi og útboðið leiði til hagræðis til lengri tíma. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í viðræðum um sameiginlegt útboð á sorphirðu og felur sveitarstjóra að vinna áfram í málinu í samráði við umhverfisnefnd.
- 4. UMFH: Endurskoðun samstarfssamnings.**

Oddviti kynnti að nýju breytingar á samstarfssamningi við Ungmennafélag Hrunamanna en með breytingunum er stuðningur sveitarfélagsins að aukast verulega. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann. Sigurður víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.
- 5. Skipurit Hrunamannahrepps.**

Oddviti kynnti skipurit fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjórn samþykkir skipuritið.
- 6. Starfslýsing sveitarstjóra.**

Oddviti lagði fram starfslýsingu á starfi sveitarstjóra. Sveitarstjórn samþykkir starfslýsinguna.
- 7. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Samstarfssamningar sveitarfélaga.**

Oddviti kynnti niðurstöðu frumkvæðisathugunar Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins á samstarfssamningum sveitarfélaga vegna þeirra samninga sem varða Hrunamannahrepp. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og oddvita að vinna málið áfram í samstarfi við viðeigandi sveitarfélög.
- 8. HMS: Brunavarnir á hjólhýsasvæðum.**

Oddviti kynnti bréf frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun þar sem sveitarfélagið er hvatt til að huga að brunavörnum í hjólhýsasvæðum. Sveitarstjórn felur oddvita að vinna málið áfram í samstarfi við UTU bs. og hagsmunaaðila.

9. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni um rekstrarleyfi vegna Jaðars 2.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki II að Jaðri 2. Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda beiðni fyrir sitt leyti og óskar eftir að sveitarfélaginu verði sent afrit af rekstrarleyfi.

10. Svæðisskipulag Suðrhálendis: Skipulagsmörk.

Oddviti kynnti fundargerð frá EFLU vegna fundar vegna svæðisskipulags Suðrhálendisins frá 30. júní s.l. Þar kemur fram að sveitarfélögin þurfa að ákveða afmörkun skipulagssvæðisins. Sveitarstjórn leggur til að skipulagsmörk hvað varðar Hrunamannahrepp fari eftir þjóðlendulínu.

11. Forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Zero: Uppsögn.

Oddviti kynnti uppsögn forstöðumanns félagsmiðstöðvarinnar Zero. Sveitarstjórn samþykkir að funda með fulltrúum Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar ásamt núverandi forstöðumanni um útfærslu starfsins og í kjölfarið auglýsa starfið.

12. SASS: Greining um atvinnulíf á Suðurlandi.

Oddviti kynnti greiningu um atvinnulíf á Suðurlandi sem unnin var af SASS.

13. Umboðsmaður barna: Hlutverk og tilgangur ungmennaráða.

Oddviti kynnti erindi frá Umboðsmanni barna til sveitarfélaga um hlutverk og tilgang ungmennaráða. Sveitarstjórn vísar málinu til ungmennaráðs og Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar til umfjöllunar.

14. Póst- og fjarskiptastofnun: Upplýsingabeiðni um fjarskiptainviði.

Oddviti kynnti beiðni frá Póst- og fjarskiptastofnun um upplýsingar vegna fjarskiptainviða. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra í samráði við verkefnisstjóra Hrunaljóss að svara erindinu.

15. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði miðvikudaginn 30. september nk. kl. 08:30 í ráðhúsi Hrunamannahrepps á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

16. Umhverfisnefnd: Fundargerð 12. fundar frá 24. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 12. fundar umhverfisnefndar. Farið var yfir hugmynd um sameiginlegt útboð á sorphirðu sem nefndin tók jákvætt í að yrði skoðað að gefnum þeim forsendum að sorphirðukerfi yrðu samræmd og það myndi leiða til hagræðingar. Þá var fjallað um friðlýsingu Kerlingarfjalla og umhverfisverkefni sem farið var í í sumar. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

17. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 13. fundar frá 18. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 13. fundar landbúnaðarnefndar frá 18. ágúst s.l. Þar var fjallað um áhrif Covid-19 á fjallferð og réttir. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

18. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 14. fundar frá 25. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 14. fundar landbúnaðarnefndar frá 25. ágúst s.l. Þar var fjallað um fjallferð og raðað í leitir. Þá var fjallað um leiðbeiningar um fjallferð og réttarstörf vegna áhrifa Covid-19 og girðingarmál. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi leiðbeiningar fyrir fjallferð og réttir en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

19. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 15. fundar frá 26. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 15. fundar landbúnaðarnefndar frá 26. ágúst s.l. Þar mættu trússarar í fjallferð á fundinn og rætt var skipulag og útfærslur á matarmálum. Þá voru lagðar fram samþykktar leiðbeiningar varðandi fjallferð og réttir. Farið var yfir útfærslur fyrir fjallmenn og réttir og framkvæmd þeirra. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

20. Öldungarráð: Fundargerð 18. fundar frá 18. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 18. fundar öldungarráðsins frá 18. ágúst s.l. Fjallað var um erindi sem send voru samgöngustofu og velferðarnefndar og fund með stjórn eldri borgara. Þá var fjallað um framkvæmdir í Heimalandi og lagt til að sveitarfélagið skoði að breyta afsláttarreglum vegna fasteignargjalda. Þá var rætt um eftirlit með reykskynjurum, pistla í Pésann og facebook síðu. Sveitarstjórn samþykkir að taka óskir um breytingar á afsláttarreglum fasteignagjalda til skoðunar við næstu fjárhagsáætlunargerð en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

21. Veitustjórn: Fundargerð 20. fundar frá 1. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 20. fundar frá 1. september s.l. Þar mætti á fundinn Haukur Jóhannesson jarðfræðingur og fór yfir borun á holu 09 fyrir hitaveitu Flúða á Flúðum og síðan rætt um virkjun holunnar. Þá voru lagðar fram niðurstöður verðkönnunar á vegum Hrunaljóss vegna blásturs og tenginga á ljósleiðara á Flúðum en TRS ehf var lægstbjóðandi. Sveitarstjórn samþykkir að ganga til samninga við TRS um blástur og tengingar á ljósleiðara á Flúðum en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

22. Skólanefnd: Fundargerð 12. fundar vegna Flúðaskóla frá 2. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 12. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla frá 2. september s.l. Farið var yfir áhrif Covid-19 á skóladagatal vegna rétta og reglur sem búið er að gera vegna gangna og rétta. Í ljósi aðstæðna þá var samþykkt að það verði skólustarf á réttardaginn 11. september n.k. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

23. Skólanefnd: Fundargerð 12. fundar vegna Undralands frá 2. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 12. fundar skólanefndar vegna Undralands frá 2. september s.l. Farið var yfir áhrif Covid-19 á skóladagatal vegna rétta og reglur sem búið er að gera vegna gangna og rétta. Í ljósi aðstæðna þá var samþykkt að leikskólinn verði opinn á réttardaginn 11. september n.k. Þá var fjallað um erindi foreldraráðs og viðauka við fjárhagsáætlun 2020 vegna Undralands. Sveitarstjórn samþykkir breytingar á skóladagatali en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

24. Fundargerð 200. fundar skipulagsnefndar frá 26. ágúst og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 13. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 200. fundar skipulagsnefndar frá 26. ágúst og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 13. ágúst s.l.

Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 14. Ásatúnsvallarland: Breyting á landamerkjum.

Lögð er fram umsókn frá Grími Guðmundssyni og Guðbjörgu Jóhannsdóttir, dags. 10. ágúst 2020, er varðar breytingu á landamerkjum Ásatúnsvallarlands L218490. Í breytingunni felst að lóðin minnkar sem nemur um það bil 26 ha. Umfram stærð og stofnun lóða vegna nýrra skilgreininga er úr upprunlandi lóðarinnar, Ásatúns L166711.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við nýja skilgreiningu lóðar skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um uppfærð gögn. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir nýja skilgreiningu lóðar skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um uppfærð gögn. Þá gerir sveitarstjórn ekki athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga.

Mál nr. 15. Grafarbakki 2, Laufskálabyggð: Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn frá Magnúsi Víking Grímssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarbakka II, Laufskálabyggð. Í breytingunni felst m.a. að felld er út 6 metra breið landræma á milli lóða 7 og 9 sem hafði verið sett inn í fyrri deiliskipulagsbreytingu. Lóð nr. 9 stækkar sem nemur breytingu. Staðsetning rotþróar færir til og sett er kvöð á lóðir 7 og 9 um aðkomu þjónustubíla að rotþró og siturlögn.

Skipulagsnefnd UTU frestar afgreiðslu málsins. Skoða þarf fleiri breytingar innan deiliskipulags m.a. vegna fasteigna sem standa utan byggingarreita innan þess. Vísað til afgreiðslu skipulags- og byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að fresta afgreiðslu málsins þar sem skoða þurfi fleiri breytingar innan deiliskipulags m.a. vegna fasteigna sem standa utan byggingarreita innan þess og vísar til umfjöllunar skipulags- og byggingarfulltrúa.

Mál nr. 16. Jaðar lóð: Breytt skráning lóðar.

Lögð er fram umsókn frá Jörgen Pétri Guðjónssyni og Ástu Stefánsdóttur, dags. 17. ágúst 2020, er varðar afmörkun lóðarinnar Jaðar lóð L175571 úr jörðinni Jaðar 1 L166785. Í umsókninni felst að skilgreind er hnitsett lega lóðarinnar sem er í dag skráð 10.000 fm í fasteignaskrá en verður eftir breytingu skráð 13.562,4 fm, skv. meðfylgjandi lóðablaði.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við breytta skráningu lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta samkvæmt 13. gr. jarðalaga. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi landeigna á hnitsettri afmörkun.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að breyta skráningu lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi landeigna á hnitsettri afmörkun. Þá gerir sveitarstjórn ekki athugasemd við staðfestingu landskipta samkvæmt 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 19. Afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 13. ágúst s.l.

Lögð fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 13. ágúst s.l.

25. UTU bs.: Fundargerð 78. fundar stjórnar frá 12. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 78. fundar stjórnar UTU. Samþykktur var nýr afgreiðslutími og opnunartími UTU og farið yfir erindi Grímsnes- og Grafningshrepps um húsnæðismál UTU. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

26. UTU bs.: Fundargerð 79. fundar stjórnar frá 26. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 79. fundar stjórnar UTU bs. Þar var fjallað um húsnæðismál UTU og kynntar tillögur að úrbótum á húsnæðinu á Laugarvatni. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

27. Oddvitanefnd UTU: Fundargerð frá 26. ágúst s.l. vegna seyrusamstarfsins.

Oddviti kynnti fundargerð oddvitanefndar UTU frá 26. ágúst s.l. vegna seyrumála. Farið var yfir seyrulosun og hvernig gengið hefur í sumar og rædd drög að endurnýjun á samstarfssamningi. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 206. fundar frá 18. ágúst s.l.

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

b. EFLA: Fundargerð vegna deiluskipulags í Hlíð.

Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

c. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 1.-2. október n.k.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:35.